

undanþiggja einstakar vörutegundir gjaldskyldu til þess að tryggja samræmda og greiða framkvæmd laganna, ef sérstakar, brýnar ástæður eru til.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1976.

Gjört að Bessastöðum, 23. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 79 frá 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en bensín, skal frá og með árinu 1976 greiða árlega þungaskatt til ríkissjóðs svo sem hér segir:

Fyrir bifreiðar, sem eru allt að 2000 kg að eiginþyngd, skal greiða fast árgjald — 70 000 kr. Sé eiginþyngd bifreiðar 2000 kg eða meiri, en bifreiðin er jafnframt minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, skal gjaldið hækka um 4 000 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg sem eiginþyngd bifreiðarinnar er meiri en 2000 kg.

Af bifreiðum, sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum, skal árgjaldið vera 30% hærra en að framan greinir.

Bensíngjald skv. 1. gr. og árgjald þungaskatts skv. þessari grein skulu vera grunntaxtar. Ráðherra er heimilt að hækka gjöld þessi allt að því að þau hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 25 frá 24. apríl 1957. Grunntaxtar bensíngjalds og árgjalds þungaskatts eru miðaðir við vísitölu eins og hún var 1. júlí 1975, þ. e. 1881 stig.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Gjört að Bessastöðum, 23. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.